

Persónuvernd

Er verið að selja mig á Netinu?

RITARI ÁGRIPS: Gunnar Ingi Ágústsson, lögfræðingur hjá Persónuvernd

ÞÁTTTAKENDUR Í PANEL: Helga Þórisdóttir, fundarstjóri og forstjóri Persónuverndar, Alma Tryggvadóttir, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd, Helgi Hrafn Gunnarsson, alþingismaður og Jökull Sólberg Ásgrímsson, frumkvöðull og stofnandi Takumi.

1. Hvaða sjónarhorn komu fram?

Rætt var um þá gríðarlega miklu upplýsingavinnslu og –sölu sem fer fram á degi hverjum. Mörg af stærstu fyrirtækjum í heimi byggja viðskiptamódel sín á því að safna og vinna upplýsingar, sem aflað er gegn því að veita ókeypis þjónustu eða annars konar fríðindi. Spurt er hvort einstaklingar séu meðvitaðir um afleiðingar svo víðtækrar upplýsingagjafar sem og hvort það sé í raun ástæða til að hafa áhyggjur af henni? Er aldamótakynslóðin hætt að hugsa um friðhelgi einkalífs síns eða er almenningur með meiri áhyggjur af upplýsingum sínum á stafrænni upplýsingaöld?

2. Hvaða vandamál voru rædd?

Rætt var um skort á gagnsæi og samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga. Margir gera sér litla grein fyrir þeirri víðtæku kortlagningu á persónuleika, hegðun og venjum einstaklinga sem í raun fer fram hjá fyrirtækjum sem selja og hagnast á persónuupplýsingum einstaklinga.

3. Hvaða lausnir komu fram?

Bent var á nýja Evrópureglugerð um persónuvernd sem tekur gildi hérlandis á árinu 2018. Hún er svar löggjafans við hinni miklu upplýsinga- og tæknibyltingu sem átt hefur sér stað á síðustu misserum. Með hinni nýju löggjöf eru réttindi einstaklinga augin til muna í þeim tilgangi að færa þeim aftur betri stjórn yfir persónuupplýsingum sínum. Öll vinnsla þarf að vera gagnsæi og fræðsla veitt á skýru og einföldu máli. Svo unnt sé að tryggja einstaklingum þennan aukna rétt eru samhliða lagðar mun ríkari skyldur og fyrirtæki og stofnanir, alls staðar í heiminum, sem vinna persónuupplýsingar um Evrópubúa.

4. Hvaða næstu skref voru rædd?

Halda áfram að uppfræða almennin, fyrirtæki og stofnanir um réttindi þeirra og skyldur. Hvaða upplýsingar er unnið með, í hvaða tilgangi og á hvaða hátt. Vitundarvakningu þarf meðal almennings um réttindi þeirra og eftir atvikum afleiðingar og úrræði ef þeir telja á sér brotið. Fylgjast þarf grannt með framtíðarbreytingum í upplýsingavinnslu og -tækni og meta áhrif þeirra á hagsmuni og friðhelgi einstaklinga til langs tíma því ekki verður aftur tekið ef búið er að opinbera í eitt skipti fyrir öll hvers kyns upplýsingar um einstaklinginn og hans privatlíf sem unnt er að nota gegn honum – óháð því einstaklingur hafi eitthvað að fela eða ekki.

5. Tilvitnanir og dæmi um samræður

Alma: Persónuupplýsingar eru gjaldmiðill hins stafræna upplýsingasamfélags og fyrirtækin eru að berjast um upplýsingarnar okkar á hverjum degi gegn vægu eða engu gjaldi.

Helga: Mismunandi kynslóðir eru að nýta sér tæknina með ólíkum hætti, yngri kynslóðin er betur að sér en þeir sem eldri eru gera sér margir hverjir ekki fyllilega grein fyrir því stafræna fótspori sem þeir skilja eftir sig á netinu. Helstu verðmæti Google til dæmis er vinnsla og greining persónuupplýsinga.

Helgi Hrafn: Stærsta lygin á netinu er „I agree“ eða ég samþykki notendaskilmálana. Hins vegar eru nokkur atriði sem allir ættu að vilja vita, s.s. hvernir persónuupplýsingar okkar eru notaðar, af hverjum og í hvaða tilgangi. Það er alveg hægt að skrifa skilmála sem eru nægilega einfaldir. Það þarf bara að vera vilji fyrir því að gera það.

Jökull: Það er satt, það er ekki verið að draga þig út fyrir þægindahringinn. En þetta er ekki í samræmi við það sem ég er að sjá hjá ungu fólki, það vill koma ögrandi skoðunum að vinum sínum og dreifa þeim lengra.